
Sumarsýning Kjarvalsstaða



SJÓNMENNTIR

Kjarvalsstaðir

ÍSLENZK MYNDLIST VESTURSALUR/GANGUR/TENGIRÝMI

Opið alla daga frá kl. 10–18. Til 31. ágúst. Aðgangur 300 krónur.

EINS og telja má rétt og eðlilegt yfir sumartímann hefur allt rými Kjarvalsstaða verið undirlagt framkvæmd sem skarar íslenzka myndlist, allt frá upphafi aldarinnar til nútímans. Framkvæmdinni er skipt í tvo afmarkaða hluta, vestri helmingur hússins ásamt tengirými markar yfirlit fram til SÚM hópsins, en eystri helmingur er tileinkaður yngri kynslóð. Þeim hluta mun Hulda Ágústsdóttir væntanlega gera skil.

Það gefur auga leið, að allar slíkar framkvæmdir eru afar þýðingarmiklar, þar sem um er að ræða kynningu íslenzkrar listar yfir ferðamannatímabilið, og skiptir öllu að gengið sé hreint og afdráttarlaust til verks. Einkum í ljósi þess að telja má að útlendir nálgast þær með galopin augu og drjúgri eftirvæntingu. En fljótlega verður ljóst við skoðun úrtaksins, að þótt sýningin standi óvéfengjanlega undir nafni sem íslenzk myndlist, að því leyti að hún er gerð af listamönnum með íslenskt ríkisfang upp á vasann, er hér mun frekar um handhófskennt dreifsýnishorn að ræða en sannferðugt yfirlit yfir það sem gerst hefur innanlands. Ber mun meira svip af hentisemi sýningarstjóra, en að farið sé af hlutlægni í saumana á þróuninni. Slíkar framkvæmdir eru auðvitað fullgildar innan vissra marka, en viðkomandi sýningarstjórar verða þá að koma til dyra eins og þeir eru klæddir, standa einarðlega að baki vali sínu og skoðunum.

Hér er sá annmarkinn, að gesturinn fær engar upplýsingar milli handanna, engin sýningarskrá liggur frammi né fróðleikur um einstaka listamenn né hvernig staðið var að vali myndverkanna, og þannig engar heimildir fyrir framtíðina. Flestir útlendir koma á staðinn alls ófróðir um íslenzka myndlist, og þótt fáanlegt sé mikið magn bóka í sölubúð kemur það sýningunni sjálfri lítið við, enda hefur skilvirk íslenzk sjónlistarsaga frá upphafi til nútímans ekki enn litið dagsins ljós. Hlýtur að vera skylt að setja stórframkvæmdir sem slíkar á þann veg fram, að gesturinn velkist ekki í vafa um að hverju hann gengur, þannig að hann fari ekki af vettvangi með ranghugmyndir um íslenzka myndlist vegna ónógra upplýsinga og hlutdrægs sögumats.


Það má nú einmitt gera ráð fyrir að gesturinn geri, í ljósi þess hve margt vantar í þessa samantekt, auk þess að ófróður nær naumast að átta sig á að hér er um að ræða sérskoðanir, markaðs- og óskhyggju fyrri sýningarstjóra.

Það er ekki aðeins, að margir mikilvirkir listmenn hafa með öllu verið sniðgengnir og upphengingin sé á þann veg að drjúga athygli hefur vakið, í senn ruglingsleg og hlutdræg. Þá má alls ekki fara að fara með málverk eins og gert er á milliveggjum í tengirými, þar sem þau njóta sín engan veginn, auk þess sem bein sólarbirta á myndverk skaðar þau einkum í gegnum rúðugler, leysir upp litina, þannig að jaðrar við skemmdarverk að hafa þau þar óvarin. Þegar gengið er inn í vestursal blasa við heil ellefu málverk Kjarvals, sem öll hafa verið sýnd endurtekið á undanförnum árum, en er auðvitað í himnalagi er ókunnuga ber að. Hins vegar vekur sú árátta furðu að sumir virðast þurfa meira rými og fleiri verk en aðrir á samsýningum sem slíkum, sem ætti frekar að vera öfugt í ljósi meintra yfirburða þeirra. Má segja að þeir séu mættir til myndræns pataldurs með ofurefli liðs, þannig er Louisa Matthíasdóttir með heilan vegg (og hrifmikinn), en hins vegar eru flestir aðrir kynntir með einni til þrem myndum, en oftast tveim, þar á meðal Ásgrímur og Jón Stefánsson. Á suðurvegg rýfur málverk Hauks Dórs allt samhengi því hann er af annarri og yngri kynslóð en Svavar, Kristján Davíðsson og Steinþór Sigurðsson við hliðina, auk þess sem málunarmátinn stingur mjög í stúf við hinar myndirnar, er hvassari, hrárri og ógnþrungnari. Myndir SÚM kynslóðarinnar njóta sín engan veginn á móti hinni risastóru ógnvægu myndasöguflóru Errós, sem gengur með sprengikrafti yfir þvert tengirýmið.

Fingurbrjótarnir í upphengingunni eru þannig margir, en á móti kemur að innan um er margt gullfallegra mynda og sumar hefur maður ekki séð í háa herrans tíð. Ættu þó á einhvern hátt að vera aðgengilegar allt árið því útlendir eiga leið hér um á öllum árstíðum og uppeldisgildi þeirra fyrir ungu kynslóðina mikið. Undarlegt er oft metnaðarleysið og tregðan þegar um málverk á sígildum grunni er að ræða, einkum er eldri kynslóðir eiga í hlut og ekki skil ég hvernig staðið er að kynningu verkanna að Kjarvalsstöðum í ljósi heilsíðugreinar í Menningarblaðinu á dögunum. Núlistaskólar tímanna kenna ekki að lesa í málverk, en hér er um mikið og vandasmt verk að ræða en ekkert sem hægt er að hafa í flimtingum. Mikill misskilningur að ein kynslóð geti úrkynjað það sem árþúsundir hefur tekið að þróa, enda kemur málverkið alltaf aftur eins og sagan er til vitnis um. Það er mikið verk framundan, við að veita blóði, tárum og svita inn í íslenzkt sýningarlíf, sem er að verða að lognmollu síbyljunnar, gerist ekki með orðræðu, orðgjálfri og fundahöldum heldur með því að taka hraustlega á verki, samræðan er svo lífrænust á sjálfum myndfletinum.

Það sem ber helst að biðja um eru svipmiklar blóðríkar athafnir er rumska við fólki, vekja upp áleitna forvitni og beina því í auknum mæli inn í listhús og listasöfn borgarinnar. Og ekki stundinni lengur því lífsnauðsyn krefur.

Bragi Ásgeirsson





Vilt þú heiðra Ivar Eskeland sjötugan?

Í tilefni sjötugsafmælis Ivars Eskelands hinn 30. nóvember næstkomandi gefur Det Norske Samlaget út bók með úrvali greina (kåseria) sem Ivar hefur skrifað undanfarna tvo áratugi. Sumar greinarnar hafa áður birst á prenti, en aðrar hafa ekki birst áður. Bókin hefur hlotið nafnið **Norska þjóðarsálin**.
Þeir, sem vilja heiðra Ivar sjötugan geta gerst áskrifendur að bókinni og verða nöfn þeirra birt í Tabula Gratulatoria í bókinni.
Áskrifendur fá bókina á NOK 160 (burðargjald innifalið).
Verð í bókaverslunum verður NOK 248. **Svarfrestur er til 15. ágúst.**

ÞEIR SEM ÁHUGA HAFA VINSAMLEGA FYLLI EFTIRFARANDI ÚT MEÐ HÁSTÖFUM:

JÁ, ég vil heiðra Ivar Eskeland sjötugan og panta hér með ... eintök af bókinni Norska þjóðarsálin á NOK 160, burðargjald er innifalið.

Nafn: _____
Heimili: _____
Póstnr./staður: _____
Undirskrift: _____

Sendist í pósti eða sem símbréf til: Det Norske Samlaget, v/Nina Tandberg, postboks 4672 Sofienberg, 0506 Ósló, Noregi. Fax: 00 47 2268 7502. Sími 00 47 2268 7600. Einnig má hafa samband við skrifstofu Norræna hússins í Reykjavík. Sími 551 7030. Fax 552 6476.



Samlaget
http://www.samlaget.no

Síðasta sýning á Hótel Heklu

Í OPNU húsi í Norræna húsinu í kvöld, fimmtudag, kl. 20, verður þriðja og síðasta sýning á leikþættinum Hótel Heklu, sem leikhópurinn Fljúgandi diskar hefur flutt.

Leikendur eru Þórey Sigþórsdóttir og Hinrik Ólafsson, leikstjóri er Hlín Agnarsdóttir og Áslaug Leifsdóttir er útlitshönnuður sýningarinnar. Ylva Hellerud hefur gert sænska þýðingu. Söguþráðurinn er byggður á 16 íslenskum ljóðum sem eru ofin inn í spennandi sögu, þar sem veruleiki og draumur renna saman.

Linda Vilhjálmsdóttir og Anton Helgi Jónsson sömdu söguna í kringum ljóðin, sem eru meðal annars eftir Sjón, Diddu, Sigfús Daðason og Steinunni Sigurðardóttur.

Kaffistofa Norræna hússins býður upp á íslenska sérrétti og er opið í kaffistofunni til kl. 22.

Aðgangur að sýningunni er ókeypis.

Djass á Blúsbarnum

GUNNLAUGUR Guðmundsson og Agnar Már Magnússon leika djass á Blúsbarnum í kvöld, fimmtudag. Þeir eru báðir við nám í djassfræðum í Hollandi, Gunnlaugur á kontrabassa í Konunglega Konservatoríinu í Haag en Agnar í Tónlistarháskólanum í Hilversum. Á efnisskránni verða lög eftir Kern, Hammestein og Rowles. Leikur þeirra hefst kl. 22.

Ljós og láð í Lundi, Varmahlíð

LJÓS og láð er yfirskrift á sýningu Guðmundar Ármanns, sem opnuð verður í ASH galleríinu, Lundi, Varmahlíð, á morgun, föstudag, kl. 14.

Á sýningunni eru átta tréristur, sem eru allar unnar á þessu ári og eru þær þrykktar í tveimur til sex litum, frá einu og upp í þrjú eintök. Þema sýningarinnar er landslagið.

Sýningin er opin alla daga frá kl. 10–18 og stendur til 24. ágúst.